

Sp.

65. Svar

[15. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur um nýtt álver við Straumsvík.

*1. Hvaða áform eru uppi um byggingu nýs álvers
eða stækkun álversins í Straumsvík?*

1.1. Í bráðabirgðasamningi, dags. 23. september 1983, milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, málsgrein 2.1. (c) og málsgrein 3.2., var kveðið á um viðræður við Alusuisse um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík í tveimur áföngum sem hvor svaraði til um 40 000 tonna ársafkastagetu, auk viðræðna um orkusölu, skattamál og skyld mál. Viðræður um endurskoðun orkusölu til Ísals og skattamála Ísals höfðu þó forgang og lauk þeim með undirritun þriðja og fjórða viðauka við aðalsamning milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, 5. nóvember 1984 og 11. nóvember 1985. Með undirritun þessara viðauka var gengið frá heildar-endurskoðun samninga við Alusuisse um málefni núverandi álbræðslu og þar með lagður grundvöllur þess að unnt væri að fjalla með ábyrgum hætti um stækkun álversins í Straumsvík. Á árinu 1986 var tekið til við að ræða stækkun álversins með þátttöku Alusuisse og í samstarfi við þriðja aðila. Kannaður var áhugi nokkurra aðila, en viðræður leiddu ekki til árangurs. Síðla árs 1986 mótaði yfirstjórn Alusuisse nýja stefnu varðandi samdrátt í hráálsvinnslu félagsins og þar með varð ljóst að Alusuisse hefði ekki hug á að stækka álverið næstu árin.

1.2. Á fundi iðnaðarráðherra og starfshóps iðnaðarráðuneytisins um stækkun álvers með dr. H. Jucker, aðalforstjóra Alusuisse, og dr. T. Tschopp, forstjóra áldeildar Alusuisse, í Zürich 4. febrúar sl. var endanlega staðfest að Alusuisse hefði ekki hug á að stækka álverið í Straumsvík á næstu árum. Í fréttatilkynningu iðnaðarráðuneytisins, dags. 6. febrúar sl., var m.a. gerð svofelld grein fyrir niðurstöðu fundarins:

„Á fundinum var staðfestur sá góði skilningur sem er milli aðila um málefni álversins í Straumsvík.

Á fundinum var sérstaklega rætt um stækkun álversins og í því sambandi voru eftirfarandi atriði staðfest:

1. Alusuisse hefur ákveðið að draga saman starfsemi sína á sviði hráálsbræðslu. Af þessu leiðir að Alusuisse hefur ekki hug á að stækka álverið í Straumsvík á næstu árum.
2. Íslensk stjórnvöld verða nú að taka frumkvæði varðandi stækkun álvers í Straumsvík, en Alusuisse lýsti yfir fullum stuðningi við slík áform, og er fúst til samvinnu í því efni.
3. Hagkvæmt er að samnýta aðstöðuna í Straumsvík, bæði fyrir Ísal og væntanlega samstarfsaðila um stækkun álversins.
4. Á næstu vikum mun af hálfu iðnaðarráðherra verða gengið til könnunarviðræðna við hugsanlega eignar- og samstarfsaðila.“

1.3. Frá því í febrúar hefur verið unnið að málinu og með fréttatilkynningu iðnaðarráðuneytisins 7. september 1987 var m.a. gerð svofelld grein fyrir framvindu verkefnisins:

„Einn þáttur í atvinnustefnu ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar er að halda áfram tilraunum til að stuðla að aukinni fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi, einnig hvað varðar orkufrekan iðnað. Eftir að ljóst varð í febrúar sl. að Alusuisse mundi ekki hafa hug á að stækka álverið í Straumsvík tóku íslensk stjórnvöld frumkvæðið varðandi frekari uppbyggingu áliðju á Íslandi. Starfshópur um stækkun álvers vinnur nú, samkvæmt endurnýjuðu umboði frá Friðrik Sophussyni iðnaðarráðherra, að frumhagkvæmniathugun á 200 000 tonna álbræðslu sem byggð yrði í áföngum við Straumsvík. (Frumathugunin byggir nánar tiltekið á 180 000 tonna álbræðslu samkvæmt nýjustu tækni.)

Fyrir á þessu ári áttu sér stað óformlegar viðræður milli fulltrúa íslenskra stjórnvalda og nokkurra helstu álframleiðenda í Evrópu um myndun samsteypu til að eiga og reka slíkt álver.

Áformað er að álverið verði í eigu nýs sjálfstæðs fyrirtækis og verði rekið óháð Íslenska álfélaginu hf. (Ísal) í Straumsvík en muni nýta þá aðstöðu er fyrir hendi er.

Starfshópurinn gerir ráð fyrir að ljúka frumhagkvæmniathuguninni í nóvembermánuði nk. og munu viðræður við hugsanlega samstarfsaðila þá hefjast að nýju.

1.4. Ofangreind tímaáætlun virðist geta staðist og má gera ráð fyrir að könnunarviðræður við hugsanlega samstarfsaðila hefjist eftir áramót. Leiði þær í ljós frekari áhuga á verkefni þessu yrði stefnt að því að ganga frá stofnun formlegs undirbúningsfélags nýs álvers um mitt næsta sumar. Gert er ráð fyrir að undirbúningsfélagið þurfi um eitt ár til að ljúka fullnaðarhagkvæmniathugun um álverið og til að ganga frá samningum varðandi eiginlegt rekstrarfélag. Endanlegrar ákvörðunar um hugsanlegt álver er því ekki að vænta fyrir en um mitt ár 1989.

1.5. Hvort til byggingar álversins kemur er að sjálfsögðu háð mörgum þáttum, þar á meðal samkeppnisstöðu Íslands gagnvart öðrum löndum sem nú bjóða ódýra orku til álvera, svo sem Kanada, Venesúela og Ástralíu. Á hinn bóginn fer samkeppnisstaða álvera innan Evrópu mjög versnandi þar sem fyrirsjáanlegar eru verulegar hækkanir á orkuverði og

jafnvel samdráttur á orkuframboði á næsta áratug. Margt bendir því til þess að nú sé lag til að ná samningum um nýtt álver. Kemur þar bæði til óvenjuhátt álverð, sérstaklega á síðari hluta þessa árs, sem hefur áhrif á viðhorf álframleiðenda til nýfjárfestingar, og ekki síður sá vandi sem blasir nú við álframleiðendum á meginlandi Evrópu. Hugmyndin er að hluti þessarar evrópsku álframleiðslu flytjist hingað til lands þannig að nýtt álver yrði ekki til aukningar á framleiðslugetu í Evrópu. Tekið skal sérstaklega fram að nýtt álver yrði byggt með nýjustu tækni, aukinni sjálfvirkni og fullkomnustu mengunarvörnum.

2. Hvað er gert ráð fyrir stórri verksmiðju?

Frumáætlun sú, sem unnið er að, gerir ráð fyrir álverksmiðju sem hefði um 180 000 tonna ársframleiðslugetu þegar hún væri fullbyggð.

3. Hvers konar eignaraðild er fyrirhuguð að verksmiðjunni og við hvaða aðila hefur verið rætt um byggingu hennar?

3.1. Til að byggja verksmiðju af þessari stærð þyrfti væntanlega samvinnu þriggja til fimm álfyrirtækja. Af ýmsum ástæðum er talið líklegast að áhugi sé fyrir hendi hjá álfyrirtækjum í Evrópu. Ekki er gert ráð fyrir að íslenska ríkið eigi beina eignaraðild að fyrirtækinu, nema þá að óverulegum hluta.

3.2. Engar samningaviðræður hafa enn átt sér stað, en haft hefur verið samband við helstu álfyrirtæki í Evrópu til að kanna áhuga þeirra. Vegna viðskiptaleyndar er ekki hægt að upplýsa um nöfn þeirra að sinni en það verður gert þegar tímabært er. Ýmsir aðrir aðilar hafa sýnt málinu áhuga.

4. Hver er áætluð orkuþörf nýrrar verksmiðju og hvenær telja stjórnvöld æskilegt að hún taki til starfa?

Árleg orkuþörf 180 000 tonna álvers er áætluð 2500 gWh og reiknað er með að aflþörfin verði rétt um 300 mW. Æskilegt er að verksmiðjan taki til starfa á árunum 1992–1994. Virðist sú tímasetning raunhæf bæði hvað varðar möguleika til orkuafhendingar og vegna samdráttar sem fyrirsjáanlegur er í álframleiðslu í Evrópu.

5. Hvaða áætlanir hafa verið gerðar um byggingu raforkuvera í tengslum við nýtt álver?

5.1. Landsvirkjun á í fórum sínum nokkra verkannaða virkjunarkosti auk Blönduvirkjunar sem nú er í smíðum. Orkugeta þessara virkjunarkosta ásamt Blönduvirkjun er um 4000 gWh sem er langt umfram þarfir umrædds álvers. Hér við bætist að líklegt er talið að hagkvæmt reynist að framleiða raforku með jarðgufu í náninni framtíð bæði á Nesjavöllum í tengslum við jarðhitavirkjun Hitaveitu Reykjavíkur og á Reykjanesi í tengslum við jarðhitavinnslu Hitaveitu Suðurnesja.

5.2. Val virkjanakosta og röð áfanga fer eftir stærð og tímasetningu einstakra áfanga við byggingu fyrirhugaðs álvers. Þessir virkjunarkostir eru vatnsaflsvirkjanir á Þjórsársvæðinu,

svo sem stækkun Búrfellsvirkjunar ásamt síðasta áfanga Kvíslaveitu, Sultartangavirkjun, virkjun fallsins milli Þórisvatns og Sigölduvirkjunar, þ.e. Vatnsfellsvirkjun, Fljótsdalsvirkjun, Villinganesvirkjun, svo og jarðgufuvirkjanir á Nesjavöllum og á Reykjanesi eins og áður er að vikið.

6. Hvaða aðilar hafa unnið að málinu af hálfu íslenskra stjórnvalda og hvar hefur ráðgjafar verið leitað?

6.1. Svo sem fyrr er getið vinnur sérstakur starfshópur um stækkun álvers að málinu, en hann skipa:

Dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, formaður.

Birgir Ísl. Gunnarsson alþm. (febrúar til júlí 1987).

Dr. Gunnar G. Schram prófessor.

Guðmundur G. Þórarinnsson alþm.

Dr. Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri (frá ágúst 1987).

Með starfshópnum starfa Garðar Ingvarsson hagfræðingur, sem er ritari starfshópsins, og Halldór J. Kristjánsson, yfirlögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu.

6.2. Ráðgjafar og upplýsinga hefur verið leitað hjá eftirgreindum aðilum:

Landsvirkjun.

Íslenska járnblendifélaginu hf.

VST, ráðgjafarverkfræðingum, Reykjavík.

Alusuisse og Ísal.

Aluval — Aluminium Pechiney, Voreppe, Frakklandi.

Commodities Research Unit, London, Bretlandi.

Hydro Aluminium, Ósló, Noregi (sem arftaka ASV).

James F. King, ráðgjafarþjónusta, Newcastle, Bretlandi.

PHM Advisory Services, dr. Paul H. Mueller, Zürich, Sviss.

6.3. Auk fyrrgreindra aðila hafa þau álfyrirtæki, sem tekið hafa þátt í frumkönnunarviðræðum, veitt ýmsar upplýsingar sem að gagna koma við gerð frumhagkvæmniathugunarinnar. Byggt er á tækni frá franska álfyrirtækinu Aluminium Pechiney, en hliðsjón höfð af tækni Hydro Aluminium.

7. Hvað hafa þessar athuganir kostað og hvernig skiptist kostnaðurinn?

Frá því ákvörðun var tekin um athugun á byggingu nýs álvers við Straumsvík 4. febrúar sl. til 23. október 1987 hefur gjaldfærður kostnaður verið þessi:

Laun og sérfræðiþjónusta	2 603 890 kr.
Ferðakostnaður	444 089 kr.
Fundakostnaður o.fl.	273 354 kr.
Samtals	<hr/> 3 321 333 kr.

Meðfylgjandi er uppdráttur er sýnir þá staðsetningu verksmiðjunnar sem stuðst verður við í frumhagkvæmniathuguninni en uppdrátturinn felur ekki í sér neitt endanlegt mat á því hvar nýju álveri við Straumsvík verður valinn staður.

